

Ársreikningur 2018

Séreign LSR

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11

105 Reykjavík

421198-2259

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.....	2-5
Áritun óháðs endurskoðanda.....	6-7
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.....	8
Efnahagsreikningur.....	9
Sjóðstreymi.....	10
Skýringar.....	11-23
Kennitölur - Fimm ára yfirlit.....	24-26
Viðauki I - Deildaskipt yfirlit LSR.....	27-30

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Starfsemi sjóðsins

Séreign LSR starfar samkvæmt lögum nr. 1/1997 um LSR, lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktum sem settar hafa verið um starfsemi sjóðsins og öðrum reglum sem um lífeyrissjóði gilda. Stjórn LSR hefur einnig samþykkt margvíslegar reglur sem gilda í starfsemi sjóðsins. Hlutverk sjóðsins er:

- Að greiða sjóðfélögum séreignarlífeyri.
- Að taka við iðgjöldum og varðveita upplýsingar um inneign sjóðfélaga.
- Að ávaxta fjármuni sjóðsins með sem bestum hætti með hliðsjón af fjárfestingarstefnu að teknu tilliti til áhættu.

Séreign LSR bíður upp á þrjár mismunandi fjárfestingarleiðir sem eru fjárhagslega aðskildar og með ólíka samsetningu hlutabréfa, skuldabréfa og innlána.

LSR er starfræktur í þremur deildum og er hver deild með aðskilinn fjárhag. Deildir sjóðsins eru: A-deild, B-deild og Séreign LSR. Deildaskipt yfirlit LSR er að finna í viðauka I.

Eignir og ávöxtun

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 16.820 milljónum kr. í árslok 2018 samanborið við 15.498 milljónir kr. árið áður. Eignir Leiðar I námu 7.188 milljónum kr. í árslok 2018, Leiðar II 1.895 milljónum kr. og Leiðar III 7.738 milljónum kr.

Nafnávöxtun Leiðar I á árinu 2018 var 4,5% sem samsvarar 1,2% raunávöxtun. Hrein raunávöxtun Leiðar I, þ.e. raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum var 1,2% á árinu 2018 samanborið við 7,3% árið áður. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára er 3,8% og síðustu 10 ára 5,2%.

Nafnávöxtun Leiðar II á árinu 2018 var 5,3% sem samsvarar 2% raunávöxtun. Hrein raunávöxtun Leiðar II var 1,9% á árinu 2018 samanborið við 6,3% árið áður. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára er 3,7% og síðustu 10 ára 5%.

Nafnávöxtun Leiðar III á árinu 2018 var 5,4% sem samsvarar 2,1% raunávöxtun. Hrein raunávöxtun Leiðar III var 2% á árinu 2018 samanborið við 2,1% árið áður. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára er 2,1% og síðustu 10 ára 2,6%.

Iðgjaldagreiðslur og fjöldi sjóðfélaga

Iðgjaldagreiðslur til sjóðsins námu 1.484 milljónum kr. á árinu 2018 en þar af var 419 milljónum kr. ráðstafað inn á fasteignalán. Nettó iðgjöld sjóðsins voru því 1.065 milljónir kr. á móti 968 milljónum kr. árið áður. Virkir sjóðfélagar, þ.e. sjóðfélagar sem greiða iðgjöld til sjóðsins að meðaltali í hverjum mánuði, voru 3.044 á árinu 2018. Þar af greiddu 976 að meðaltali til Leiðar I, 581 til Leiðar II og 1.495 til Leiðar III. Í árslok 2018 áttu 7.278 sjóðfélagar réttindi hjá sjóðnum.

Lífeyrisgreiðslur og fjöldi lífeyrisþega

Á árinu 2018 námu útgreiðslur úr Séreign LSR 510 milljónum kr. samanborið við 418 milljónir kr. árið áður. Meðalfjöldi lífeyrisþega var 197 á árinu 2018 samanborið við 173 á árinu 2017. Af greiðslum ársins 2018 voru 159 milljónir kr. greiddar úr Leið I, 46 milljónir kr. úr Leið II og 306 milljónir kr. úr Leið III.

Fjárfestingartekjur og rekstrarkostnaður

Hreinar fjárfestingartekjur námu 780 milljónum kr. samanborið við 961 milljón kr. árið áður. Rekstrarkostnaður sjóðsins, þ.e. skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, nam 13 milljónum kr. samanborið við 9,4 milljónir kr. árið áður. Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna var 0,09% hjá Leið I, 0,09% hjá Leið II og 0,07% hjá Leið III.

Rekstur Séreignar LSR er í umsjá LSR þar sem starfsmenn LSR annast allan rekstur sjóðsins. Séreign LSR tekur þátt í sameiginlegum kostnaði LSR samkvæmt innri reglum LSR sem staðfestar hafa verið í stjórn sjóðsins. Sjá nánari upplýsingar um rekstrarkostnað í skýringu 6.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórnarhættir og áhættustýring

LSR leggur áherslu á góða stjórnarhætti. Í stefnuyfirlýsingu sjóðsins segir; LSR tileinkar sér ábyrgja starfshætti, með vönduð vinnubrögð, fagmennsku og frumkvæði að leiðarljósi. Sjóðurinn leggur áherslu á fyrirmyndarþjónustu og öfluga upplýsingatækni. Þannig verður LSR traustur lífeyrissjóður og sjóðfélögum örugg samfylgd.

Stjórn sjóðsins er skipuð átta einstaklingum. Fjármála- og efnahagsráðherra skipar fjóra stjórnarmenn, stjórn BSRB skipar tvo, stjórn BHM einn og stjórn KÍ einn. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins í samræmi við lög um lífeyrissjóði, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans, gengur frá starfslýsingu hans og setur honum erindisbréf. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar.

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar og er hún skipuð til eins árs í senn. Hún starfar í samræmi við IX. kafla laga um ársreikninga nr. 3/2006. Nefndin hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, tilhögun innra eftirlits og aðferðum við áhættumat í því skyni að auka trúverðugleika í starfsemi sjóðsins.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt sérstaka stjórnarháttayfirlýsingu og er henni ætlað að styðja við góða og ábyrgja stjórnarhætti. Með góðum stjórnarháttum í starfsemi LSR er lagður grunnur að traustum samskiptum stjórnenda og starfsmanna sjóðsins við sjóðfélaga og launagreiðendur. Með góðum stjórnarháttum er stuðlað að gagnsæi í starfsemi sjóðsins. Við mótum stjórnarháttá hafa stjórnendur og stjórn sjóðsins litið til og haft til hliðsjónar almenn viðurkennd sjónarmið og leiðbeiningar um góða stjórnarhætti fyrirtækja.

Stjórn sjóðsins hefur jafnframt sett sér sérstakar starfsreglur. Í starfsreglunum er fjallað um starfsemi, skipan og verksvið stjórnar. Í starfsreglunum er m.a. litið til samþykktar sjóðsins og laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sérstaklega er litið til þeirra ákvæða er lúta að stjórnarháttum lífeyrissjóða og hæfi. Stjórnarháttayfirlýsingin og starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vef sjóðsins ásamt fleiri innri reglum sem sjóðurinn hefur sett sér. Hér að neðan er að finna yfirlit yfir helstu reglur, leiðbeiningar og gögn um stjórnarhætti sem lífeyrissjóðurinn fylgir. Neðangreindur listi er þó ekki tæmandi heldur settur fram til upplýsinga. Lög, reglur og leiðbeinandi tilmæli FME eru m.a. aðgengileg á vef FME.

Lög:

- Lög nr. 1/1997 um LSR.
- Lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Reglugerðir og reglur:

- Reglugerð um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða nr. 590/2017.
- Reglur um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015.
- Reglur um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða nr. 180/2013.
- Reglur um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða nr. 577/2012.
- Reglugerð um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar nr. 916/2009, með síðari breytingum.

Leiðbeinandi tilmæli FME:

- Leiðbeinandi tilmæli um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum nr. 6/2014.
- Leiðbeinandi tilmæli um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila nr. 2/2014.
- Leiðbeinandi tilmæli um hæfi lykilstarfsmanna nr. 3/2010.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Innri reglur LSR:

- Hluthafastefna LSR.
- Reglur LSR um hlutverk stjórnar, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna við ávöxtun eigna sjóðsins.
- Reglur um upplýsingagjöf til stjórnar LSR um rekstur.
- Samþykktir LSR.
- Siða- og samskiptareglur LSR.
- Starfsreglur endurskoðunarnefndar.
- Starfsreglur stjórnar LSR.
- Stjórnarháttayfirlýsing LSR.
- Verklagsreglur LSR um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna.
- Verklagsreglur um hæfi lykilstarfsmanna LSR.

Stjórn sjóðsins setur fjárfestingastefnu fyrir sjóðinn en í henni eru tilgreindar megináherslur sem unnið er eftir við ávöxtun á fjármunum hans. Þá hefur stjórn sjóðsins samþykkt áhættustefnu en áhættustýring hjá sjóðnum byggir á framangreindri reglugerð um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Markmið áhættustefnunnar er að auka öryggi í starfsemi sjóðsins með því að greina, fylgjast með og takmarka áhættu í rekstri sjóðsins. Áhættan nær bæði til atvika sem lúta að eignum og skuldbindingum sjóðsins sem og rekstrarlegum þáttum. Nánari umfjöllun um áhættuþætti sem hafa verið skilgreindir í starfsemi sjóðsins, áhættustýringu og áhættustefnu má sjá í skýringu 13.

Áhættustefnan er eitt af lykilverkfærum stjórnar við að uppfylla skyldur sínar gagnvart sjóðnum. Henni er beitt samhliða fjárfestingarstefnu sjóðsins og stuðlar hún að því að lífeyrissjóðurinn nái settum markmiðum með ásættanlegri áhættu í starfsemi sinni með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum.

Eitt af verkefnum stjórnar er að móta innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfesta eftirlitsferla. Allir helstu ferlar í starfseminni hafa verið skjalfestir og hlutverk skilgreind. Lögð er áhersla á að greina helstu áhættuþætti og hefur sjóðurinn innleitt virkt eftirlit til að draga úr áhættu og villum.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) telst eining tengd almannahagsmunum skv. lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Meginhlutverk lífeyrissjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri. Um lífeyrissjóðinn, uppbyggingu og hlutverk gilda sérstök lög, lög nr. 1/1997, en auk framangreindra sérlaga um lífeyrissjóðinn gilda almenn lög um

LSR skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að taka við og ávaxta iðgjöld og greiða lífeyri. LSR hefur sett sér sérstakar starfsreglur stjórnar. Er þar m.a. kveðið á um að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu ekki taka sæti í stjórnnum fyrirtækja í umboði sjóðsins eða sitja í stjórnnum fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í. Það sama á við um starfsmenn sjóðsins. Starfsmenn sjóðsins geta þó tekið sæti í stjórnnum, fjárfestingarráðum og ráðgjafarráðum fyrirtækja sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins eða fyrirtækjum, sem sjóðurinn á hlut í, og hafa eingöngu fjárvörslu og fjármálaumsýslu að markmiði.

Í starfsreglunum er kveðið á um að stjórnarmenn megi ekki gera ráðstafanir sem eru til þess að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins.

LSR hefur einnig sett sér siða- og samskiptareglur sem gilda fyrir stjórnarmenn og starfsmenn. Umsjón fjármuna og eignastýring felur í sér samskipti við aðila á fjármálamarkaði og útgefendur fjármálagerninga. Með reglunum er lögð áhersla á að starfsmenn sjóðsins byggi samskipti við aðila á fjármálamarkaði og útgefendur fjármálagerninga á almennum grunnreglum sem tryggi gott viðskiptasiðferði á sama tíma og hafi hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi. Til viðbótar við framangreindar reglur hefur sjóðurinn sett sér sérstakar reglur sem gilda um verðbréfavíðskipti stjórnarmanna og starfsmanna. Framangreindum reglum er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi lífeyrissjóðsins og vera vakandi fyrir öllum tengslum sem geta leitt til þeirra. Í reglunum er kveðið á um að stjórnarmenn og starfsmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls ef aðstæður er til þess fallnar að draga óhlutdrægni í efa.

Sjóðurinn vinnur samkvæmt eigin jafnréttisáætlun og starfar í samræmi við lög um jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Sérstök starfsmannastefna gildir innan sjóðsins. Starfsmannastefnunni er m.a. ætlað að vera hvatning jafnt fyrir starfsmenn og stjórnendur til þess að skapa faglegt, skemmtilegt, krefjandi og fjölskylduvænt vinnuumhverfi.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

LSR gerir kröfu til þess að fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í sýni ábyrgð gagnvart samfélagslegum gildum, umhverfismálum og að starfað sé í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. LSR hvetur fyrirtæki til að huga að umhverfismálum, t.d. með því að setja umhverfisstefnu sem starfað er eftir og birt hluthöfum. Hefur sjóðurinn sett sér sérstaka hluthafastefnu hvað framangreint varðar. Framkvæmdastjóri skal kynna hluthafastefnu sjóðsins fyrir þeim einstaklingum sem fyrirhugað er að gera tillögu um til stjórnarsetu til að ganga úr skugga um hvort þeir telji sig geta starfað í anda stefnunnar. LSR hefur jafnframt um árabil verið aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (Principles for Responsible Investment). Með ábyrgum fjárfestingum eru umhverfismál, samfélagsmál og stjórnarhættir lögð til grundvallar við mat og ákvörðun á fjárfestingum.

Framtíðarhorfur og atburðir eftir lok reikningsárs

Ávöxtun á síðastliðnu ári var sveiflukennd. Í desembermánuði lækkaði markaðsvirði eigna nokkuð skarpt og munaði þar mest um lækkun á erlendri eign sjóðsins. Þessar lækkanir hafa komið til baka og vel það í ársbyrjun 2019.

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok uppgjörstímabilsins sem þarfnast leiðréttingar eða skýringar í ársreikningnum eða meðfylgjandi skýringum.

Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar komi fram í ársreikningnum, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun. Stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins staðfesta hér með ársreikninginn með undirritun sinni.

Reykjavík 3. apríl 2019

Í stjórn LSR

Unnur Pétursdóttir, formaður stjórnar

Gunnar Björnsson, varaformaður stjórnar

Árni Stefán Jónsson

Áslaug María Friðriksdóttir

Guðrún Ögmundsdóttir

Ragnar Þór Pétursson

Viðar Helgason

Þórveig Þormóðsdóttir

Framkvæmdastjóri

Haukur Hafsteinsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Séreignar LSR fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit yfir breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning þann 31. desember 2018, yfirlit um sjóðstreymi Séreignar LSR, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2018, efnahag hans 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflagð nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi sjóðsins og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp sjóðinn eða hætta starfsemi hans, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnu og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um öll tengsl eða önnur atriði sem raunhæft er að ætla að gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og eftir því sem við á, til hvaða varúðarráðstafana við höfum gripið til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 24. apríl 2019

Árni S. Snæbjörnsson
Löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris

	Skýr.	Leið I	Leið II	Leið III	Samtals 2018	Samtals 2017
Iðgjöld						
Iðgjöld sjóðfélaga		300.705	173.508	462.885	937.098	895.652
Iðgjöld launagreiðenda		186.121	99.996	254.402	540.518	520.190
Réttindaflutningar og endurgreiðslur		(174.019)	(40.307)	220.671	6.345	4.394
Séreignariðgjöldum ráðstafað inn á fasteignalán		(147.642)	(87.283)	(184.036)	(418.960)	(451.873)
		<u>165.164</u>	<u>145.914</u>	<u>753.922</u>	<u>1.065.001</u>	<u>968.363</u>
Lífeyrir						
Heildarfjárhæð lífeyris	3	<u>158.607</u>	<u>46.175</u>	<u>305.679</u>	<u>510.462</u>	<u>418.218</u>
Hreinar fjárfestingartekjur						
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	4.1	267.134	74.114	0	341.248	658.227
Hreinar tekjur af skuldabréfum	4.2	28.311	12.960	0	41.272	48.629
Vaxtatekjur af bundnum bankainnviðum		0	0	377.699	377.699	244.385
Vaxtatekjur og gengismunur af handbæru fé		12.180	5.496	4.711	22.388	13.634
Fjárfestingargjöld	5	(2.418)	(375)	0	(2.793)	(3.652)
		<u>305.207</u>	<u>92.196</u>	<u>382.411</u>	<u>779.814</u>	<u>961.222</u>
Rekstrarkostnaður						
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	6	<u>6.252</u>	<u>1.600</u>	<u>5.150</u>	<u>13.002</u>	<u>9.427</u>
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		305.513	190.336	825.503	1.321.351	1.501.940
Hrein eign frá fyrra ári		<u>6.882.032</u>	<u>1.705.178</u>	<u>6.911.133</u>	<u>15.498.343</u>	<u>13.996.403</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		<u>7.187.544</u>	<u>1.895.513</u>	<u>7.736.636</u>	<u>16.819.694</u>	<u>15.498.343</u>

Efnahagsreikningur

	Skýr.	Leið I	Leið II	Leið III	Samtals 2018	Samtals 2017
Eignir						
Fjárfestingar	8,9					
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	7	6.660.407	1.639.779	0	8.300.185	7.627.212
Skuldabréf	8	354.517	148.229	0	502.746	576.647
Bundnar bankainnistæður		0	0	7.593.138	7.593.138	6.822.587
		<u>7.014.924</u>	<u>1.788.008</u>	<u>7.593.138</u>	<u>16.396.070</u>	<u>15.026.445</u>
Kröfur						
Kröfur á launagreiðendur	10	5.739	1.829	8.354	15.923	14.420
Aðrar kröfur		<u>3.821</u>	<u>1.535</u>	<u>3.514</u>	<u>8.869</u>	<u>15.621</u>
		<u>9.560</u>	<u>3.364</u>	<u>11.868</u>	<u>24.792</u>	<u>30.040</u>
Ýmsar eignir						
Handbært fé		<u>171.165</u>	<u>106.019</u>	<u>144.310</u>	<u>421.493</u>	<u>470.690</u>
Eignir samtals		<u>7.195.649</u>	<u>1.897.390</u>	<u>7.749.316</u>	<u>16.842.355</u>	<u>15.527.175</u>
Skuldir						
Aðrar skuldir	11	<u>8.104</u>	<u>1.877</u>	<u>12.680</u>	<u>22.661</u>	<u>28.832</u>
Skuldir samtals		<u>8.104</u>	<u>1.877</u>	<u>12.680</u>	<u>22.661</u>	<u>28.832</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		<u>7.187.544</u>	<u>1.895.513</u>	<u>7.736.636</u>	<u>16.819.694</u>	<u>15.498.343</u>

Sjóðstreymi

	Leið I	Leið II	Leið III	Samtals 2018	Samtals 2017
Inngreiðslur					
Iðgjöld	167.340	144.945	751.213	1.063.498	953.987
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	6.921	4.914	4.711	16.545	23.153
	<u>174.260</u>	<u>149.859</u>	<u>755.924</u>	<u>1.080.043</u>	<u>977.140</u>
Útgreiðslur					
Lífeyrir	160.593	46.003	310.038	516.633	401.428
Rekstrarkostnaður	3.437	794	3.785	8.016	11.730
Aðrar útgreiðslur	2.193	1.289	0	3.482	9.309
	<u>166.223</u>	<u>48.087</u>	<u>313.822</u>	<u>528.131</u>	<u>422.467</u>
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	8.038	101.772	442.101	551.911	554.672
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	24.151	3.301	0	27.452	18.624
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(831.741)	(403.211)	0	(1.234.952)	(1.516.151)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	650.311	225.084	0	875.395	1.616.321
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	12.591	7.217	0	19.808	13.965
Keypt skuldabréf	0	0	0	0	(214.271)
Seld skuldabréf	40.863	54.484	0	95.347	42.657
Ný bundin innlán	0	0	(390.000)	(390.000)	(391.000)
	<u>(103.825)</u>	<u>(113.125)</u>	<u>(390.000)</u>	<u>(606.950)</u>	<u>(429.856)</u>
Breyting á handbæru fé	(95.787)	(11.353)	52.101	(55.039)	124.817
Gengismunur af handbæru fé	5.260	583	0	5.842	(9.519)
Handbært fé í upphafi árs	261.692	116.789	92.208	470.690	355.392
Handbært fé í lok árs	<u>171.165</u>	<u>106.019</u>	<u>144.310</u>	<u>421.493</u>	<u>470.690</u>

1. Almennar upplýsingar um sjóðinn

Séreign LSR starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Sjóðurinn býður upp á þrjár mismunandi fjárfestingarleiðir sem eru fjárhagslega aðskildar og með ólíka samsetningu hlutabréfa, skuldabréfa og innlána.

2. Reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða.

2.2 Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í þúsundum íslenskra króna, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill lífeyrissjóðsins.

2.3 Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda, geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi lið sem hafa veruleg áhrif á ársreikning lífeyrissjóðsins:

i) Stigskipting gangvirðis, sjá skýringu 8.

2.4 Iðgjöld

Iðgjald til sjóðsins er háð ákvörðun sjóðfélagsins en frádráttarbært iðgjald frá tekjuskatti er að hámarki 4% af launum. Mótframlag launagreiðanda getur numið allt að 2%.

2.5 Hreinar fjárfestingartekjur

Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að frádrögnum öllum fjárfestingargjöldum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður í yfirliti um breytingu á hreinni eign sem og áfallinn gengismunur á eignir í árslok.

a) Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum að frádrögnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga annarra en þeirra sem greint er frá í skýringu nr. 5 um fjárfestingargjöld.

Undir þennan lið falla arðgreiðslur, söluhagnaður og sölutap sem og breytingar á gangvirði.

Arður er tekjufærður þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir. Í skýringu 4.1 má sjá breytingar á gangvirði 20 stærstu fjárfestinga sjóðsins í félögum og sjóðum.

Skýringar

b) Hreinar tekjur af skuldabréfum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum að frádregnum gjöldum annarra en þeirra sem greint er frá í skýringu nr. 5 um fjárfestingargjöld.

Hér eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökugjöld af sjóðfélagalánum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld. Hér undir er einnig færð varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna tapsáhættu sem er fyrir hendi á reikningsskiladegi.

c) Fjárfestingargjöld

Hér eru færð fjárfestingargjöld og þóknanir til fjármálfyrirtækja og sjóða um sameiginlega fjárfestingu vegna umsýslu og stjórnunar á fjárfestingum sjóðsins. Í skýringu nr. 5 er greint frá áætluðum og reiknuðum fjárfestingargjöldum vegna fjárfestinga sjóðsins í innlendum og erlendum verðbréfasjóðum og sjóðum um sameiginlega fjárfestingu.

2.6 Rekstrarkostnaður

LSR annast rekstur sjóðsins og greiðir hann mánaðarlega fyrir hlutdeild sína í sameiginlegum kostnaði. Allur rekstrarkostnaður er færður undir skrifstofu- og stjórnunarkostnað. Kostnaðurinn er færður til gjalda þegar hann fellur til. Sjá nánari umfjöllun í skýringu 6.

2.7 Fjárfestingar

Fjárfestingar eru fjármálagerningar samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Fjárfestingar sjóðsins samanstanda af eignarhlutum í félögum og sjóðum, skuldabréfum, bundnum bankainnistæðum og öðrum fjárfestingum.

Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi.

a) Matsaðferðir fjárfestinga

Fjármálagerningar eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur.

Gangvirði fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsverð í árslok en gangvirði annarra fjárfestinga (óskráðra) í þessum flokki byggist á verðmatsaðferðum sem lýst er í skýringu 8. Í þeirri skýringu eru jafnframt upplýsingar um stigskiptingu gangvirðis samkvæmt verðmatsaðferðum.

b) Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þessi flokkur fjárfestinga er færður á gangvirði.

c) Skuldabréf

Skuldabréf eru færð á gangvirði með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðbætur miðast við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok reikningsárs. Í skýringu 8 er gerð nánari grein fyrir skiptingu skuldabréfa eftir reikningshaldslegri meðhöndlun.

d) Bundnar bankainnistæður

Undir bundnar bankainnistæður eru færð innlán í bönkum sem bundin eru til lengri tíma en þriggja mánaða en sjóðurinn horfir á þessar bankainnistæður sem fjárfestingu en ekki sem handbært fé.

2.8 Handbært fé

Handbært fé er fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnistæðum í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum.

2.9 Umreikningur í íslenskar krónur

Eignir í erlendri mynt eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við opinbert kaupgengi Seðlabanka Íslands í árslok.

Skýringar

3. Lífeyrir

Greiddur lífeyrir skiptist þannig:

	2018	2017
Ellilífeyrir	466.867	397.362
Örorkulífeyrir	187	0
Makalífeyrir	20.670	4.158
Barnalífeyrir	22.738	16.698
	510.462	418.218

4. Hreinar fjárfestingartekjur

4.1 Hreinar tekjur af eignarhlutum í innlendum félögum og sjóðum sundurliðast þannig:

	Bókfært verð 31.12.2018	Arður	Gangvirðis- breyting	Hreinar tekjur samts 2018	Hreinar tekjur samts 2017
Íslandssjóðir, IS Ríkisskbr. meðallöng	961.700	0	49.064	49.064	35.411
GAMMA: Iceland Gov. Bond Fund	959.500	0	47.900	47.900	42.634
Júpiter, Ríkisskuldabréfasjóður	583.385	0	30.036	30.036	24.847
IS Sértryggð skuldabréf VTR	326.077	0	19.561	19.561	5.584
Stefnir – Skuldabréfaval	276.254	0	6.460	6.460	0
GAMMA: Credit Fund	275.080	0	12.069	12.069	14.106
Marel hf.	236.578	3.386	31.034	34.420	55.203
Össur hf.	185.724	764	38.500	39.264	23.214
Júpiter – Innlend skuldabréf	171.431	0	1.431	1.431	0
Reitir fasteignafélag hf.	127.839	2.106	(20.795)	(18.689)	(8.217)
Aðrar eignir	858.746	21.196	(45.027)	(23.832)	30.482
	4.962.314	27.452	170.234	197.685	223.264

Hreinar tekjur af eignarhlutum í erlendum félögum og sjóðum sundurliðast þannig:

	Bókfært verð 31.12.2018	Áhrif gjaldmiðils	Gangvirðis- breyting	Hreinar tekjur samts 2018	Hreinar tekjur samts 2017
SSgA World Index Fund	523.506	59.432	(52.328)	7.104	53.429
MFS FCP Global Equity	520.874	59.025	(55.711)	3.314	68.508
Vanguard Global Stock Index	492.684	55.280	(47.318)	7.962	46.189
Wellington Global Quality Growth	469.637	51.585	3.942	55.527	93.843
Schroder Global Active Value	385.678	44.860	(52.541)	(7.681)	37.041
Schroder Global Core	280.268	31.577	(28.196)	3.382	27.311
T. Rowe Price US Small Cap Fund	242.198	27.383	(14.304)	13.079	20.028
T. Rowe Price US Large Growth	171.260	16.921	5.967	22.888	30.380
Jupiter European Growth	144.840	9.332	(5.863)	3.469	14.535
Landsbanki Private Equity II - B	23.485	1.024	5.167	6.191	3.226
Aðrar eignir	83.441	8.912	19.418	28.329	40.474
	3.337.872	365.331	(221.768)	143.563	434.963

Samts hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum 341.248 658.227

Skýringar

4.2 Hreinar tekjur af skuldabréfum sundurliðast þannig:

Skuldabréf færð á gangvirði	Gangvirðis- breyting	Áhrif gjaldmiðils	Samtals 2018	Samtals 2017
Ríkistryggð skuldabréf	30.880	0	30.880	25.960
Skuldabréf sveitarfélaga	10.374	0	10.374	19.415
Skuldabréf lánastofnana	17	0	17	3.253
Skuldabréf fagfjárfestastjóða	59	0	59	0
	41.331	0	41.331	48.629

5. Fjárfestingargjöld

Árið 2018	Bein fjárfestingar- gjöld	Áætluð og reiknuð fjárfestingar- gjöld	Fjárfestingar- gjöld samtals	Heildareign í sjóðum að meðaltali á árinu	Hlutfall fjárfestingar- gjalda alls af meðaleign
Vegna innlendra verðbréfasjóða	0	13.429	13.429	2.382.381	0,56%
Vegna innlendra fjárfestingarsjóða	0	6.538	6.538	993.623	0,66%
Vegna innlendra fagfjárfestastjóða	0	183	183	8.134	2,25%
Vegna erlendra verðbréfasjóða	1.998	12.003	14.001	3.005.579	0,47%
Vegna erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	189	1.408	1.597	111.297	1,44%
Kaup- og sölubóknanir vegna verðbréfaviðskipta	399	0	399		
Vörslubóknanir	197	0	197		
Önnur fjárfestingargjöld	10	0	10		
	2.793	33.561	36.354	6.501.014	0,56%

Fjárfestingarleið	Bein fjárfestingar- gjöld	Áætluð og reiknuð fjárfestingar- gjöld	Samtals 2018
Leið I	2.418	26.263	28.681
Leið II	375	7.298	7.673
	2.793	33.561	36.354

Skýringar

	Bein fjárfestingar-gjöld	Áætluð og reiknuð fjárfestingar-gjöld	Fjárfestingar-gjöld samtals	Heildareign í sjóðum að meðaltali á árinu	Hlutfall fjárfestingar-gjalda alls af meðaleign
Árið 2017					
Vegna innlendra verðbréfasjóða	0	18.879	18.879	2.941.007	0,64%
Vegna innlendra fjárfestingarsjóða	0	1.202	1.202	177.220	0,68%
Vegna innlendra fagfjárfestasjóða	0	248	248	13.053	1,90%
Vegna erlendra verðbréfasjóða	3.038	11.985	15.023	2.957.845	0,51%
Vegna erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu		1.317	1.317	129.699	1,02%
Kaup- og sölubóknanir vegna verðbréfavíðskipta	364	0	364		
Vörslubóknanir	251	0	251		
	<u>3.652</u>	<u>33.631</u>	<u>37.284</u>	<u>6.218.825</u>	<u>0,60%</u>

	Bein fjárfestingar-gjöld	Áætluð og reiknuð fjárfestingar-gjöld	Samtals 2017
Fjárfestingarleið			
Leið I	3.192	26.913	30.105
Leið II	460	6.718	7.179
	<u>3.652</u>	<u>33.631</u>	<u>37.284</u>

6. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Hlutdeild Séreignar LSR í kostnaði LSR:	2018	2017
Laun og launatengd gjöld	7.556	5.939
Upplýsingatækni, rekstur tölvukerfa og upplýsingaveitur	1.931	1.322
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3.515	2.166
	<u>13.002</u>	<u>9.427</u>

